

## Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Árnesinga bs.

### 1. Almennt um byggðasamlagið

#### **1.1 Aðildarsveitarfélög, varnarþing o.fl.**

Tónlistarskóli Árnesinga bs. er byggðasamlag sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Byggðasamlagið er stofnað vegna reksturs tónlistarskóla á vegum aðildarsveitarfélaganna. Heimilisfang byggðasamlagsins er að Eyravegi 9 á Selfossi og er varnarþing byggðasamlagsins í þinghá Héraðsdóms Suðurlands á Selfossi.

Eftirtalin sveitarfélög eiga aðild að byggðasamlaginu:

Bláskógbabyggð,  
Flóahreppur,  
Grímsnes- og Grafningshreppur,  
Hrunamannahreppur,  
Hveragerðisbær,  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur,  
Sveitarfélagið Árborg og  
Sveitarfélagið Ölfus.

#### **1.2 Verkefni byggðasamlagsins**

Byggðasamlagið starfar í umboði aðildarsveitarfélaganna að rekstri tónlistarskóla í Árnessýslu og skal skólinn starfa eftir ákvæðum gildandi laga og reglugerða hverju sinni um starfsemi tónlistarskóla. Skólinn skal starfa sky. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og fullnægja þeim skilyrðum sem fram koma í 1. gr. laganna.

Markmið með rekstri skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og stuðla að eflingu tónlistarlífs í héraðinu. Verkefni skólans felast einkum í eftirtöldu:

- a. Að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námsskrá tónlistarskóla.
- b. Að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika sína og sköpunargáfu.
- c. Að leggja áherslu á félagslegt gildi tónlistariðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitarstarfi.
- d. Að búa nemendur undir áframhaldandi nám í tónlist.
- e. Að gera fullorðnum kleift að auðga tómstundir sínar með tónlistariðkun.

Öll starfsemi tónlistarskólans skal vera í samræmi við námsskrá og önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem sett kunna að vera með heimild í 12. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

### 2. Eignarhluti, ábyrgðir og heimildir til að skuldbinda aðildarsveitarfélög

#### **2.1 Eignarhluti aðildarsveitarfélaga**

Eignarhluti hvers aðildarsveitarfélags í byggðasamlaginu skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands, miðað við fjölda íbúa 1. janúar ár hvert.

#### **2.2 Ábyrgð aðildarsveitarfélaga**

Aðildarsveitarfélögini bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins í samræmi við eignarhluta sinn en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda aðildarsveitarfélags sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands.

#### **2.3 Heimildir til að skuldbinda aðildarsveitarfélög**

Byggðasamlaginu er óheimilt að skuldbinda aðildarsveitarfélögini umfram það sem fram kemur í samþykkt þessari, það sem samþykkt hefur verið á aðalfundi og staðfest er af sveitarstjórnunum

aðildarsveitarfélaganna, eða sem kveðið er á um í samþykkri fjárhagsáætlun eða viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

### 3. Um aðalfundi, aukaaðalfundi og kosningu stjórnar

#### 3.1 Almennt um reglulega aðalfundi og aukaaðalfundi

Aðalfund byggðasamlagsins (haustfund) skal halda fyrir 10. október ár hvert, að jafnaði í tengslum við ársfund Héraðsnefndar Árnesinga.

Aukaaðalfund skal halda fyrir 1. júní ár hvert (vorfundur) nema á kosningarári sveitastjórna er heimilt að halda vorfundinn eftir kosningar. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund að loknum kosningum og skal sá fundur boðaður af stærsta aðildarsveitarfélagini til þess að kjósa nýja stjórn fyrir byggðasamlagið. Fundurinn skal haldinn eigi síðar en 10. júlí á kosningarári.

Á öðrum tímum er heimilt að boða til aukaaðalfunda byggðasamlagsins hvenær sem er, eftir þörfum. Aukaaðalfund skal boða, ef þörf krefur að mati stjórnar byggðasamlagsins, eða ef þriðjungur aðildarsveitarfélaga krefst þess skriflega við formann stjórnar byggðasamlagins.

Fundarboð, fundarstjórn og formlegur undirbúningur aðalfunda og aukaaðalfunda byggðasamlagsins er í höndum formanns stjórnar byggðasamlagsins og/eða varaformanns.

Sömu reglur gilda um aukaaðalfundi og reglulega aðalfundi nema annað sé sérstaklega tekið fram í samþykkt þessari. Aðalfundur mótar stefnu byggðasamlagsins í samræmi við þau lög og þær reglugerðir sem starfsemi byggðasamlagsins byggir á og ákveður forgangsröðun verkefna.

#### 3.2 Fulltrúar aðildarsveitarfélaga á aðalfundi og áheyrnarfulltrúar

Hvert aðildarsveitarfélag skal tilnefna sína fulltrúa til setu á aðalfundi/aukaaðalfundi byggðasamlagsins sem fara með atkvæðarétt aðildarsveitarfélags á fundunum. Þá skal aðildarsveitarfélag tilnefna jafnmarga fulltrúa til vara sem taka sæti aðalfulltrúa sveitarfélagsins á aðalfundi/aukaaðalfundi, í þeiri röð sem þeir eru kjörnir, ef aðalfulltrúar forfallast.

Fjöldi fulltrúa frá hverju aðildarsveitarfélagi byggðasamlagsins á aðalfundi og aukaaðalfundi byggðasamlagsins fer eftir íbúafjölda og skal þannig hvert aðildarsveitarfélag fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað 1000 íbúa miðað við 1. janúar þess árs sem fundur er haldinn. Aðildarsveitarfélag sem hefur 1000 íbúa eða færri fær einn fulltrúa og aðildarsveitarfélag sem hefur 1001 íbúa fær two fulltrúa o.s.frv. Hver fulltrúi aðildarsveitarfélags fer með eitt atvæði á aðalfundi/aukaaðalfundi. Auk þess hafa aðildarsveitarfélög með íbúafjölda undir 1000 heimild til að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa með málfrelni og tillögurétt. Skal sá fulltrúi vera aðalmaður í sveitarstjórn.

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga á aðalfundum/aukaaðalfundum byggðasamlagsins geta verið eftirtaldir: framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga, aðalmenn í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga og varamenn þeirra. Sveitarstjórnarmaður missir hæfi sitt til þess að vera fulltrúi aðildarsveitarfélags á næsta aðalfundi/aukaaðalfundi eftir að hann hættir setu í sveitarstjórn aðildarsveitarfélags eða missir sæti sem varamaður í sveitarstjórn. Framkvæmdarstjóri aðildarsveitarfélags missir hæfi sitt til þess að vera fulltrúi á næsta aðalfundi/aukaaðalfundi eftir að hann lætur af störfum sem framkvæmdastjóri aðildarsveitarfélags.

Stjórnarmönnum byggðasamlagsins og framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna er heimilt að sitja aðalfundi og aukaaðalfundi en hafa eingöngu málfrelni og tillögurétt en ekki atkvæðarétt, nema að þeir séu jafnframt kjörnir fulltrúar til setu á fundinum.

Stjórn er heimilt að bjóða til aðalfundar/aukaaðfundar sérfræðingum og öðrum aðilum vegna tiltekinna mála/verkefna byggðasamlagsins.

### **3.3 Kosning stjórnar byggðasamlagsins og starfstími**

Aðildarsveitarfélögin kjósa þriggja manna kjörnefnd sem gerir tillögu til aðalfundar/aukaaðalfundar um hvernig stjórn byggðasamlagsins skuli skipuð. Kjörnefndin skal skipuð þremur fulltrúum, að jafnaði einum fulltrúa frá Sveitarfélaginu Árborg, einum fulltrúa frá Uppsveitum og Flóa og einum fulltrúa frá Hveragerðisbæ og Sveitarfélaginu Ölfusi.

Stjórn byggðasamlagsins skal kosin á aðalfundi/aukaaðalfundi og skal hún skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Varamaður skal kosinn sérstaklega fyrir hvern aðalmann og skal á aðalfundi/aukaaðalfundi jafnframt kjósa formann og varafomann stjórnar en nefndarmenn ákveða sjálfir hver skuli vera ritari. Kjörgengir í stjórn byggðasamlagsins eru aðalmenn í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaganna og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn byggðasamlagsins starfar frá því að hún er kjörin og fram að fyrsta aðalfundi/aukaaðalfundi eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Komi til þess að kjósa þurfi nýjan stjórnarmann/menn á kjörtímabili, s.s. vegna þess að stjórnarmaður missir kjörgengi sitt í stjórn eða lætur af starfanum af öðrum sökum, skal það gert á aðalfundi eða aukaadalfundi byggðasamlagsins. Nýir stjórnarmenn starfa frá kjöri og fram að fyrsta aðalfundi/aukaaðalfundi eftir næstu sveitarstjórnarkosningar.

### **3.4 Fundarboð aðalfunda byggðasamlagsins**

Stjórn byggðasamlagsins ákveður dagskrá aðalfundar/aukaaðalfundar. Fundarboð og upplýsingar um dagskrá fundar skulu send aðildarsveitarfélögum með tölvupósti a.m.k. tveimur vikum fyrir fund og skal aðildarsveitarfélag staðfesta móttöku fundarboðs og tilkynna um nöfn aðal- og varafulltrúa sinna sem koma á fundinn, sbr. grein 3.2 í samþykkt þessari, að lágmarki einni viku fyrir fundinn. Fulltrúi aðildarsveitarfélags á aðalfund/aukaaðalfund skal tilkynna um forföll til formanns stjórnar byggðasamlagsins svo fljótt sem verða má og boða varamann í sinn stað til setu á fundinum.

Fundargögn og aðrar upplýsingar skal senda fundarmönnum með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Enga ályktun eða tillögu má bera upp til samþykktar á aðalfundi/aukaaðalfundi, nema hún hafi verið kynnt á dagskrá sem send er með fundarboði eða ef samþykkt er á fundi, af öllum fundarmönnum, að slík tillaga verði borin upp og afgreidd.

Aðalfundir og aukaadalfundir geta verið fjarfundir ef slíkt kemur fram í fundarboði. Þá geta einstakir fundarmenn óskað eftir því að mæta til fundar í gegnum fjarfundarbúnað ef sérstakar ástæður eru fyrir því að þeir geta ekki mætt til fundar á fundarstað. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Aðalfundur eða aukaadalfundur skal setja sérstök aðalfundarskóp byggðasamlagsins sem gilda skulu fyrir aðalfundi og aukaadalfundi.

### **3.5 Dagskrá aðalfundar að hausti (haustfundar) og fundargögn**

Á aðalfundi að hausti skal skv. ákvörðun stjórnar taka fyrir eftirfarandi mál auk annarra mála.

1. *Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár.*
2. *Tillaga að gjaldskrá skólagjalda næsta árs.*
3. *Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, ef þörf er á.*
4. *Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins, ef þörf er á. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfnaði samþykkis 2/3 hluta atkvæða.*
5. *Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.*
6. *Kosning stjórnar, ef þörf er á.*
7. *Kosning löggilts endurskoðanda, ef þörf er á.*
8. *Tillögur og ályktanir sem aðildarsveitarfélögin vilja bera upp. Tillögur og ályktanir sem aðildarsveitarfélögin vilja bera upp á haustfundi til afgreiðslu skulu sendar stjórn byggðasamlagsins a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund/aukaaðalfund.*
9. *Önnur mál.*

Fundargögn vegna þeirra mála sem fyrirhugað er að taka fyrir á haustfundi skulu send fundarmönnum með a.m.k. þriggja daga fyrirvara fyrir fund.

Pegar fjárhagsáætlun byggðasamlagsins hefur verið afgreidd og samþykkt skal hún send til aðildarsveitarfélaganna og hljóta sömu meðferð og fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna. Það sama gildir um viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Um fjárhagsáætlun og viðauka við hana gilda ákvæði 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Pegar breytingar á samþykktum byggðasamlagsins hafa verið afgreiddar og samþykktar skal ný samþykkt send til aðildarsveitarfélaganna og hljóta sömu meðferð og breytingar á samþykktum sveitarfélaganna.

### **3.6 Dagskrá aukaaðalfundar að vori (vorfundur) og fundargögn**

Á aðalfundi að hausti skal skv. ákvörðun stjórnar taka fyrir eftirfarandi mál auk annarra mála.

1. *Skyrsla stjórnar um starfsemi liðins árs.*
2. *Ársreikningur síðasta rekstrarárs.*
3. *Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, ef þörf er á.*
4. *Tillaga að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins, ef þörf er á. Breytingar á samþykktum byggðasamlagsins þarfust samþykki 2/3 hluta atkvæða.*
5. *Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar.*
6. *Kosning stjórnar, ef þörf er á.*
7. *Kosning löggtilts endurskoðanda, ef þörf er á.*
8. *Tillögur og ályktanir sem aðildarsveitarfélögin vilja bera upp. Tillögur og ályktanir sem aðildarsveitarfélögin vilja bera upp á haustfundi til afgreiðslu skulu sendar stjórn byggðasamlagsins a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund/aukaaðalfund.*
9. *Önnur mál.*

Fundargögn vegna þeirra mála sem fyrirhugað er að taka fyrir á haustfundi skulu send fundarmönnum með a.m.k. þriggja daga fyrirvara fyrir fund.

Pegar viðauki við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins hefur verið afgreidd og samþykkt skal hún send til aðildarsveitarfélaganna og hljóta sömu meðferð og fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna. Um fjárhagsáætlun og viðauka við hana gilda ákvæði 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Pegar breytingar á samþykktum byggðasamlagsins hafa verið afgreiddar og samþykktar skal ný samþykkt send til aðildarsveitarfélaganna og hljóta sömu meðferð og breytingar á samþykktum sveitarfélaganna.

### **4. Um ályktunarhæfi aðalfundar/aukaaðalfundar, atkvæðagreiðslu og fundargerðir**

#### **4.1 Ályktunarhæfi aðalfunda o.fl.**

Aðalfundir/aukaaðalfundir byggðasamlagsins eru ályktunarhæfir hafi verið löglega til þeirra boðað, með nægum fyrirvara og ef meirihluti fundarmanna er mættur. Aðalfundir/aukaaðalfundir eru ekki ályktunarhæfir varðandi tillögur um breytingu á samþykkt þessari, um slit byggðasamlagsins eða breytingu á aðild sveitarfélaga byggðasamlagsins nema að a.m.k.  $\frac{2}{3}$  fundarmanna séu viðstaddir fundinn.

Á aðalfundi/aukaaðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða varðandi öll mál nema um samþykki tillagna er lúta að breytingu á samþykkt þessari, um slit byggðasamlagsins og um breytingu á aðild sveitarfélaga byggðasamlagsins en þá telst tillaga samþykkt ef  $\frac{2}{3}$  hlutar atkvæða falla með henni.

#### **4.2 Fundargerðir**

Halda skal fundargerðir fyrir aðalfundi, aukaaðalfundi og stjórnarfundi byggðasamlagsins í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og leiðbeiningar ráðherra um ritun fundargerða sveitarstjórnar sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Fundargerðir aðalfunda, aukaaðalfunda og stjórnarfunda skulu ávallt sendar til stjórnarmanna byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélaganna.

## 5. Um starf stjórnar, skólastjóra og annað starfslið

### 5.1 Starf og ábyrgð stjórnar

Stjórn byggðasamlagsins fer með verkefni stjórnar skv. lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla auk annarra verkefna. Stjórn ber ábyrgð á allri starfsemi byggðasamlagsins ásamt skólastjóra. Stjórn fer með öll mál sem skólann/byggðasamlagið varða s.s. skipulag á starfi tónlistarskólans og að marka honum stefnu sem skal endurskoðuð á a.m.k. 4 ára fresti. Stjórn skal setja skólanum starfsáætlun á grundvelli tillögu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Stjórn fer jafnframt með yfirstjórn reksturs og ber, ásamt skólastjóra, ábyrgð á að reksturinn sé í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, þ.á.m. að meðferð fjármuna sé samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið eða samþykkti viðauka við hana.

### 5.2 Um stjórnarfundi

Stjórnarfundi skal halda eftir þörfum en eigi sjaldnar en tvísvar sinnum á ári. Skólastjóri boðar stjórnarfundi í samráði við formann stjórnar en formaður getur jafnframt boðað stjórnarfundi án aðkomu skólastjóra. Í forföllum skólastjóra og/eða formanns stjórnar boða aðstoðarskólastjóri og varaformaður stjórnarfundi, eftir atvikum. Skylt er að boða til stjórnarfundar ef meirihluti stjórnar óskar eftir því. Heimilt er að boða á stjórnarfundi aðila sem hafa aðkomu að starfsemi byggðasamlagsins eða tilteknun verkefnum.

Stjórnarmenn skulu boðaðir á stjórnarfundi með skriflegu fundarboði með a.m.k. einnar viku fyrirvara en heimilt er að stytta fyrirvara ef upp kemur mál sem krefst skjótrar úrlausnar. Dagskrá fundarins auk fundargagna skal send stjórnarmönnum með tölvupósti eða með sannanlegum hætti með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Stjórnarmenn skulu staðfesta móttöku fundarboðs, dagskrár og fundargagna og tilkynna um forföll svo fljótt sem verða má. Forfallist aðalmaður á stjórnarfund skal hann boða varamann í sinn stað.

Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef löglega var til hans boðað og ef meirihluti stjórnar er mættur. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða og ef atkvæði falla jöfn er tillaga felld.

Stjórnarfundur getur verið fjarfundur ef slíkt kemur fram í fundarboði. Þá geta stjórnarmenn óskað eftir því að mæta til fundar í gegnum fjarfundarbúnað og ákveður formaður eða eftir atvikum sá sem boðar fund, hvort slíkt verði heimilað. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### 5.3 Um skólastjóra

Stjórn byggðasamlagsins ræður skólastjóra sem er starfsmaður stjórnar og fer með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins. Um starfssvið skólastjóra fer skv. ákvörðun stjórnar og gildandi starfslýsingu. Þá ræður stjórn launakjörum skólastjóra, í samræmi við kjarasamninga hverju sinni, og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning. Skólastjóri kemur fram fyrir hönd byggðasamlagsins og hefur prókúruumboð fyrir það. Stjórn getur veitt öðrum aðilum prókúruumboð.

Annað starfsfólk byggðasamlagsins, skv. starfslýsingum, ræður skólastjóri og veitir hann starfsfólkjum jafnframt lausn frá starfi. Heimild stjórnar þarf að liggja fyrir, ef um fjölgun stöðugilda er að ræða eða aðra breytingu á starfsemi skólans og samþykkt aðalfundar og aðildarsveitarfélaga ef um útgjaldaaukningu er að ræða. Um starfskjör starfsmanna byggðasamlagsins fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og ráðningarsamninga.

Í forföllum skólastjóra fer aðstoðarskólastjóri með allar starfsskyldur skólastjóra. Aðstoðarskólastjóri hefur jafnframt prókúruumboð fyrir byggðasamlagið.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri eiga sæti á aðalfundum, aukaaðalfundum og stjórnarfundum, ef þeir eru boðaðir, með málfrelni og tillögurétt en fara þó ekki með atkvæðarétt. Skólastjóri skal undirbúa stjórnarfundi í samráði við formann stjórnar.

Skólastjóri ber ábyrgð á að rekstur skólans og skólastarfið sé í samræmi við samþykkt þessa og að ákvörðunum stjórnar sem og aðalfunda sé hrint í framkvæmd. Þá ber skólastjóri ábyrgð á daglegum rekstri byggðasamlagsins og að hann sé í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og annarra laga sem um starfsemi tónlistarskóla gilda. Skólastjóri skal á hverjum stjórnarfundi gera stjórn grein fyrir ráðstöfun fjár og fjárhagsstöðu byggðasamlagsins sem og veita allar þær upplýsingar um starfsemina sem stjórn óskar eftir.

## 6. Um fjármál og heimildir til samninga við einkaaðila og aðildarsveitarfélög

### 6.1 Fjárhagsáætlun, framlög aðildarsveitarfélaga o.fl.

Skólastjóri skal árlega vinna tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir næsta ár og leggja fyrir stjórn, eigi síðar en 20. september. Þegar stjórn byggðasamlagsins hefur samþykkt tillögu að fjárhagsáætlun skal samþykkt tillaga að fjárhagsáætlun lögð fyrir reglulegan aðalfund (haustfund) hvers árs. Samþykki aðalfundur tillöguna skal henni vísað til sveitarstjórnna aðildarsveitarfélaganna til samþykktar. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins skal hljóta sömu meðferð hjá sveitarstjórnum og fjárhagsáætlun sveitarfélags. Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins telst ekki samþykkt fyrir en sveitarstjórnir allra aðildarsveitarfélaganna hafa samþykkt hana. Sveitarstjórnir skulu hafa lokið tveimur umræðum um fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 15. desember ár hvert.

Framlög aðildarsveitarfélaganna til byggðasamlagsins skulu vera mánaðarleg eða eins og tilgreint er í fjárhagsáætlun/viðauka við fjárhagsáætlun byggðasamlagsins. Að auki skal hvert aðildarsveitarfélag að jafnaði tryggja að skólinn hafi aðgang að húsnæði fyrir tónlistarkennslu í umdæmi sínu eða semja við önnur aðildarsveitarfélög um húsnæði fyrir tónlistarkennslu. Samráð skal haft við skólastjóra og aðstoðarskólastjóra varðandi hentugt húsnæði í hverju sveitarfélagi.

Fjárhagsáætlun skal miðað við eftirfarandi forsendur:

- Aðildarsveitarfélöginn skulu greiða allan launakostnað starfsfólks, þ.m.t. launatengd gjöld sbr. 7. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Skiptingin milli aðildarsveitarfélaganna á þessum kostnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

75% kostnaðarins skal skiptast á milli aðildarsveitarfélaganna í hlutfalli við fjölda kennslustunda í hverju aðildarsveitarfélagi.

25% kostnaðar skal skiptast á milli aðildarsveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags miðað við þann íbúafjölda 1. janúar ár hvert sem Hagstofa Íslands birtir.

- Skólagjöld skulu standa undir öðrum kostnaði en launakostnaði, við rekstur tónlistarskólans, s.s. hljóðfærakaupum, að svo miklu leyti sem rekstrarkostnaðurinn er ekki borinn af leigutekjunum af hljóðfærum, styrkjum eða annarri fjároflun sbr. 11. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Ákvarðanir um lántökur eða önnur mál er varða útgjöld umfram samþykktta fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, þarfnað staðfestingar sveitarstjórnna allra aðildarsveitarfélaganna í formi viðauka við fjárhagsáætlun.

Skólastjóri ber ábyrgð á að samþykkt, starfsáætlunum og fjárhagsáætlun sé fylgt í starfsemi byggðasamlagsins.

Skólastjóri hefur umsjón með bókhaldi byggðasamlagsins og skal hann láta vinna ársreikning fyrir byggðasamlagið á ári hverju í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og gildandi laga hverju sinni um bókhald og ársreikninga. Ársreikningur byggðasamlagsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda sem ráðinn er til starfsins. Ársreikningur skal lagður fyrir stjórn byggðasamlagsins á stjórnarfundi sem haldinn skal fyrir 15. mars ár hvert og senda hann til aðildarsveitarfélaganna til

upplýsinga og kynningar, ásamt ársskýrslu um starfsemi byggðasamlagsins á liðnu ári. Ársreikning hvers árs og ársskýrslu skal leggja fram til kynningar á reglulegum aukaaðalfundi byggðasamlagsins að vori (vorfund).

## 6.2 Samningar við einkaaðila

Byggðasamlaginu er heimilt að semja við einkaaðila, sbr. 100. gr sveitarstjórnarlagar nr. 138/2011, um framkvæmd á þjónustu og/eða önnur verkefni í tengslum við starfsemina. Samningur við einkaaðila skv. framangreindu skal vera í samræmi við 2. mgr. 100. gr. sveitarstjórnarlagar nr. 138/2011 en samningurinn skal vera skriflegur og verkefnið afmarkað með skýrum hætti auk endurgjalds fyrir vinnuna. Áður en samningur er gerður skal áætlun um kostnað liggja fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins eða samþykktum viðauka við fjárhagsáætlun.

## 6.3 Samningar við aðildarsveitarfélög

Byggðasamlaginu er heimilt að semja við einstök aðildarsveitarfélög eða samtök sveitarfélaga um umsjón afmarkaðra verkefna er tengast þjónustu við byggðasamlagið, s.s. launavinnslu, bókhaldspjónustu og/eða fjármálaumsýslu.

Byggðasamlaginu er jafnframt heimilt að semja við einstök aðildarsveitarfélög um tiltekin verkefni, eftir því sem aðalfundur ákveður.

# 7. Um aðild, úrsögn og slit

## 7.1 Aðild nýrra sveitarfélaga

Þau sveitarfélög sem óska eftir aðild að Tónlistarskóla Árnesinga bs., geta keypt eignarhluta í byggðasamlaginu og skal eignarhlutinn miðaður við sömu reiknireglu og notuð er til að reikna út eignarhluta annarra aðildarsveitarfélaga. Fyrir eignarhlutann skal hið nýja aðildarsveitarfélag greiða sama hlutfall og eignarhlutanum nemur af nettó eignum byggðasamlagsins nema aðalfundur ákveði aðra skilmála. Fái fleiri sveitarfélög aðild að byggðasamlaginu, skulu viðeigandi breytingar gerðar á samþykkt þessari.

## 7.2 Úrganga aðildarsveitarfélaga

Um úrgöngu aðildarsveitarfélags úr byggðasamlaginu fer skv. ákvæðum sveitarstjórnarlagar nr. 138/2011, að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í samþykkt þessari. Óski aðildarsveitarfélag að ganga úr byggðasamlaginu skal samþykkt ákvörðun sveitarstjórnar viðkomandi aðildarsveitarfélags tilkynnt formanni stjórnar byggðasamlagsins með skriflegum og sannanlegum hætti, um leið og ákvörðun hefur verið tekin en eigi síðar en 1. febrúar þannig að unnt sé að taka tillöguna til afgreiðslu á vorfund. Tilkynning um úrgöngu skal vera rökstudd og ástæður úrsagnarinnar tilgreindar.

Tilkynning um úrgöngu skal tekin fyrir á næsta stjórnarfundi eftir að hún berst formanni stjórnar og tilkynnt aðildarsveitarfélögnum. Stjórni byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélögini skulu leita lausna þegar tilkynning kemur fram en ef samkomulag næst ekki um áframhaldandi aðild sveitarfélags skal úrgangan tekin fyrir á næsta aukaaðalfundi að vori (vorfund) nema að samkomulag verði um annað. Tillaga um úrgöngu skal vera á dagskrá sem fylgir fundarboði aðalfundar/aukaaðalfundar.

Sveitarfélag sem hyggst ganga úr byggðasamlaginu skal taka þátt í starfi þess, greiða rekstrarkostnað og ber áfram ábyrgð á starfsemi byggðasamlagsins ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum þar til úrganga hefur tekið gildi, sbr. neðangreint.

Við úrgöngu úr byggðasamlaginu á sveitarfélag engan endurkröfurétt vegna stofnkostnaðar eða annars kostnaðar sem það hefur lagt til starfsemi byggðasamlagsins.

Ef byggðasamlagið á eignir umfram skuldir skulu þau sveitarfélög, sem eftir standa í byggðasamlaginu, greiða sveitarfélaginu, sem gengur úr byggðasamlaginu, í samræmi við eignarhlut sveitarfélagsins sem gengur út, nettó hluta bókfærðra eigna skv. síðasta birta ársreikningi byggðasamlagsins á því ári sem

úrgangan tekur gildi. Sveitarfélögin greiða fyrir eignarhlutann í sömu hlutföllum og eignarhluti þeirra eykst um eftir formlega úrgöngu.

Ef skuldir eru umfram eignir í byggðasamlaginu skal sveitarfélagið sem hyggst ganga úr byggðasamlaginu greiða til byggðasamlagsins fjárhæð sem nemur hluta aðildarsveitarfélagsins í skuldum sbr. eignarhluta.

Úrganga úr byggðasamlaginu skal taka gildi við lok reikningsárs tveimur árum eftir aðalfundinn þegar tilkynning um hana var tekin fyrir með því skilyrði að viðkomandi sveitarfélag sé skuldlaust við byggðasamlagið.

Sveitarfélagið sem gengur úr byggðasamlaginu ber einfalda ábyrgð á skuldbindingum byggðasamlagsins vegna þeirra skuldbindinga sem byggðasamlagið hefur undirgengist, þar til úrganga hefur tekið gildi. Helst þessi ábyrgð sveitarfélagsins sem segir sig úr byggðasamlaginu eftir úrgönguna. Eftir að úrganga hefur tekið gildi ber viðkomandi sveitarfélag ekki ábyrgð á þeim skuldbindingum sem byggðasamlagið undirgengst, nema um það sé sérstaklega samið og slíkt samþykkt af sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags.

### 7.3 Slit byggðasamlagsins

Um slit byggðasamlagsins fer skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í samþykkt þessari. Tillaga aðildarsveitarfélags um slit byggðasamlagsins þarf að berast formanni stjórnar byggðasamlagsins um leið og viðkomandi sveitarstjórn hefur samþykkt hana. Tillagan skal vera rökstudd og ástæður hennar tilgreindar. Tillagan skal tekin fyrir á næsta vorfundi ef hún berst fyrir 1. febrúar annars á haustfundi ef hún berst fyrir 1. júlí. Tillaga um slit byggðasamlagsins skal rædd á aðalfundi og atkvæði greidd um hana nema að aðalfundur ákveði aðra málsmeðferð.

Tillaga um slit byggðasamlagsins skal tilgreind á dagskrá aðalfundar/aukaaðalfundar. Tillaga um slit byggðasamlagsins telst ekki samþykkt á aðalfundi/aukaaðalfundi nema hún sé samþykkt með a.m.k. 2/3 hluta atkvæða. Hljóti tillaga um slit byggðasamlagsins samþykki á aðalfundi/aukaaðalfundi byggðasamlagsins skal henni vísað til sveitarstjórnar aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar. Við slit byggðasamlagsins ganga eignir byggðasamlagsins eða eftir atvikum skuldir, til sveitarfélaganna í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags eins og hann var 1. janúar á því ári sem slit byggðasamlagsins fara fram.

## 8. Um breytingar á samþykkt og gildistökuákvæði

### 8.1 Breytingar á samþykkt

Breyta má samþykkt þessari á aðalfundi ár hvert eða á aukaaðalfundi. Tillögur um breytingar á samþykkt þessari skulu fylgja fundargögnum. Tillögur aðildarsveitarfélaganna um breytingar á samþykkt skulu berast stjórn og skólastjóra a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund eða aukaaðalfund.

Breyting á samþykkt þessari telst samþykkt, ef hún nýtur stuðnings 2/3 hluta atkvæða á ályktunarhæfum aðalfundi og er staðfest af sveitarstjórnunum allra aðildarsveitarfélaganna í kjölfarið.

### 8.3 Gildistaka

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Við gildistökuna falla úr gildi eldri samþykktir byggðasamlagsins og erindisbréf stjórnar.

*Pannig samþykkt á aðalfundi Tónlistarskóla Árnesinga bs. þann 15. október 2024*